



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11

101 Reykjavík

***Tillaga um tímabundna styrkingu á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur.***

Á fundi velferðarráðs, þann 11. maí 2018, var lögð fram tillaga sviðsstjóra, dags, 9. maí 2018, um tímabundna styrkingu á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur. Lagt var til að velferðarráð samþykkti að styrkja starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur með tímabundinni fjölgun stöðugilda á árinu 2018. Kostnaður nemur um 40. mkr. á árinu.

Samþykkt  
Greinargerð fylgir tillögunni.

Hér með sent borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir,  
sviðsstjóri



Lagt fyrir fund velferðarráðs 11. maí 2018

## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

***Efni: Tillaga sviðsstjóra um tímabundna styrkingu á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur. Óskað er eftir fjárheimild allt að 40 mkr.***

Lagt er til að velferðarráð samþykki að styrkja starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur með tímabundinni fjölgun stöðugilda á árinu 2018. Kostnaður nemur um 40 mkr. á árinu.

### **Greinargerð**

Um þessar mundir fer fram úttekt á starfi Barnaverndar Reykjavíkur á vegum Capacent og RR ráðgjafar. Um er að ræða umfangsmikla úttekt sem tekur til skipulags barnaverndarstarfs hjá Reykjavíkurborg. Tilgangur hennar er að greina þá þjónustu sem velferðarsvið veitir á grundvelli félagsþjónustu og barnaverndarlaga. Horft verður meðal annars til þeirra stuðningsúrræða sem velferðarsvið býður upp á, hvernig þau eru nýtt og aðgengi að þeim. Einnig verður horft til samspils þjónustumiðstöðva og Barnaverndar Reykjavíkur með það í huga að kanna hvort þjónustukeðjan sé skilvirk og árangursrík. Þá verður kortlögð þjónusta utanaðkomandi aðila sem koma að málefnum barnafjölskylda, skipulag starfsins hjá Barnavernd Reykjavíkur og starfsumhverfi starfsmanna.


Frá árinu 2010 hefur rekstarkostnaður vegna Barnaverndar Reykjavíkur aukist úr 787 mkr. í 1.425 mkr. á árinu 2017. Annar rekstarkostnaður á föstu verðlagi hefur aukist um 83% á milli 2010 og 2017, eða frá 407 mkr. í 746 mkr. Vistunargjöld eru stærsti útgjaldaliðurinn undir liðnum annar rekstarkostnaður. Fjölgun stöðugilda á tímabilinu

er 27% eða um 13 samtals. Mest er fjölgunin á skrifstofu Barnaverndar, eða um 9,6 stöðugildi.

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Br.	%
Vistheimili barna Laugarásvegi	14,2	14,2	13,9	13,8	13,2	12,7	13,7	13,8	-0,3	-2%
Skrifstofa barnaverndarnefndar	29,4	30,2	32,7	33,3	35,3	36,3	36,7	39,0	9,6	33%
Barnaverndarnefnd - úrræði	1,7	1,7	1,6	1,8	1,5	1,4	1,8	2,1	0,5	27%
Skammtímaheimili fyrir unglínga	4,5	8,6	9,2	8,6	8,9	8,8	8,4	8,2	3,7	83%
<b>Samtals</b>	<b>50</b>	<b>55</b>	<b>57</b>	<b>58</b>	<b>59</b>	<b>59</b>	<b>61</b>	<b>63</b>	<b>13</b>	<b>27%</b>


Tafla 1: Þróun greiddra stöðugilda Barnaverndar Reykjavíkur 2010 til 2017.

Fjöldi tilkynninga hefur aukist jafnt og þétt á undnaförnum árum, eftir nokkra niðursveiflu á árinu 2012:




Mynd 1. Fjöldi mála og tilkynninga á árunum 2010 til 2017.

Þó að tilkynningum hafi fjölgað jafnt og þétt þá hefur virkum málum ekki fjölgað. Hins vegar eru það aðrir þættir sem hafa mikil áhrif þegar kemur að því að veða og meta þyngd mála og álag á starfsmenn. Í fyrsta lagi er það hlutfall þeirra tilkynninga sem fara í svokallaða könnun máls eða rannsókn á aðstæðum barna. Í öðru lagi er það fjöldi úrskurða og í þriðja lagi fjöldi barna sem fer í vistun eða fóstur. Loks er eðli tilkynninga mikill áhrifaþáttur, t.d. hvort um er að ræða börn og unglínga sem eru metin með áhættuhegðun og foreldrar viljugir til samstarfs um úrlausn mála eða hvort um er að ræða ofbeldi og vímuefnaneyslu foreldra en slík mál eru þyngri í allri úrvinnslu þar sem samvinna við foreldra er takmörkuð. Í töflu 3 er yfirlit yfir hlutfall tilkynninga þar sem málin fara áfram í könnun, það er, þau eru talin gefa tilefni til frekari rannsókna. Slíkum málum hefur fjölgað úr 53 % af heildarfjölda mála árið 2009 í 69 % af heildarfjölda mála árið 2017.



Mynd 2. Hlutfall barna þar sem ákveðið er að hefja könnun.


Á síðustu þremur til fjórum árum hefur úrskurðum fjölgað verulega eins og fram kemur á mynd 3 um úrskurði barnaverndarnefndar á árunum 2011 til 2017. Forsjársviptingarmál eru þungstu málin en frá árinu 2014 hafa verið á bilinu 10 til 18 forsjársviptingarmál á ári. Flestum málum er áfrýjað en þess ber að geta að frá árinu 2015 hefur barnaverndarnefnd Reykjavíkur unnið eða gert dómsáttir þar sem kröfur nefndarinnar hafa náð fram að ganga í 46 af 48 málum eða í 96% tilfella.



Mynd 3. Úrskurðir barnaverndarnefnda og dómstóla 2010 til 2017.


Úrskurðir kalla á ríkar kröfur um vönduð vinnubrögð og formfestu enda vitnar niðurstaða dómsmála um gæði vinnunnar í þeim málum sem hafa verið dómtekin eða endað með sátt.

Börnum í vistun eða fóstri hefur fjölgað úr 219 börnum á árinu 2010 í 249 börn á árinu 2017 eins og kemur fram á mynd 4.



Mynd 4. Fjöldi barna í varanlegu-, tímabundnu- og styrktu fóstri og vistun skv. 84. gr. barnaverndarlaga á árunum 2010-2017

Loks ber að nefna að það er fækkun í málum sem tengjast áhættuhegðun barnanna sjálfra en í þeim málum næst oft samvinna við foreldra þó málin geti verið krefjandi. Hins vegar er fjölgun í málum sem tengjast ofbeldi foreldra og vanrækslu en í nær helmingi þeirra mála eiga foreldrar við vímuefnavanda að stríða. Enn fremur hafa komið ný verkefni á borð barnaverndarnefnda, svo sem málefni fylgdarlausra barna, verkefnið Saman gegn ofbeldi, sem felur í sér stóraukið samstarf við lögreglu vegna heimilisofbeldismála og málaflokkur fatlaðra en stigvaxandi álag hefur verið á starfsmönnum Barnaverndar vegna fjölgreindra og fatlaðra barna og skorts á úrræðum fyrir þau börn.



Mynd 5. Fjöldi barnaverndartilkyppinga um heimilisofbeldi árin 2010-2017

Það eru miklar væntingar á meðal starfsmanna Barnaverndar Reykjavíkur til úttektar á starfsemi og skipulagi barnaverndarstarfsins. Starfsmenn hafa sett fram kröfur um bætta starfsaðstæður, svo sem um fjölgun starfsmanna og þar að leiðandi færri mál á hvern starfsmann. Aðrar kröfur hafa snúið að starfsmannatengdum málum.

Við mat á álagi í starfi hjá starfsmönnum Barnaverndar hefur svokölluð málavog verið notuð en þar skora sumir starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur langt yfir viðmiði um hæfilegt álag. Auk fjölda mála og þyngd þeirra hefur skortur á viðeigandi úrræðum einnig mikil áhrif. Þessi tímabundna styrking á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur felst fyrst og fremst í aukningu á stöðugildum á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember. Að mati sviðsstjóra er afar brýnt að styrkja starfskjör og starfsumhverfi starfsmanna Barnaverndar Reykjavíkur og eru miklar vonir bundnar við að sú úttekt sem er í gangi verði góður grunnur til að móta skipulag og starfsumhverfi til framtíðar. Í tengslum við þá úttekt er nauðsynlegt að ná fram samstöðu um ásættanleg viðmið þegar kemur að fjölda mála og þyngd þeirra en fjölmargar aðrar starfsstéttir hafa vel skilgreind viðmið til að meta þörf á fjölda starfsmanna í tilteknum verkefnum.

Reykjavíkurborg hefur tvöfaldað framlag sitt til barnaverndarmála á átta ára tímabili eða um 81% en til samanburðar þá hafa útgjöld vegna málefna fatlað fólks vaxið um 112% á sama tímabili.